

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna aukinna byggingarheimilda á miðsvæði M3, Hamranesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. mars 2023 breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn 15. febrúar 2023.

Í breytingunni felst að uppbyggingarheimildir íbúða innan miðsvæðis M3 í Hamraneshverfi aukast úr 1.500 íbúðum í allt að 1.900 íbúðir auk 80 þjónustueininga fyrir hjúkrunarheimili.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. mars 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 23. mars 2023